

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2010

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, þskj. 1111 – 634. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál. Bandalagið styður eindregið framgang þessa máls og gerir engar efnislegar athugasemdir við það.

Bandalagið vill þó vekja athygli á nauðsyn þess að almennur leigumarkaður sé efldur. Á sl. þingi BSRB var sérstaklega ályktað um húsaleigumarkað landsins í ljósi þess offramboðs fullbúinna íbúða og íbúða á byggingarstigi sem standa nú auð. Bandalagið telur mikilvægt að ásamt þeirri lausn sem frumvarpið leggur til varðandi kaupleigusamninga verði almennur leigumarkaður efldur og styrktur. Með þeim hætti má koma í veg fyrir enn frekari aukningu þess að húsnæðislán einstaklinga falli með einum eða öðrum hætti á ríkið.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

